



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 493

Aðalsteinn Sigmundsson

(1897 – 1943)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 493

Aðalsteinn Sigmundsson

Aðalsteinn Sigmundsson var fæddur 10. júlí 1897 í Árbót í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu. Hann féll útbyrðis af m/s Sæbjörgu og drukknaði 16. apríl 1943.

Aðalsteinn stundaði iðnskólanám á Akureyri 1911-13 og lauk prentnámi 1914. Kennaraprófi lauk hann í Reykjavík 1919. Aðalsteinn fór í námsferðir til Norðurlanda og Englands 1923, 1929 og 1935. Hann var skólastjóri barnaskólans á Eyrarbakka 1919-29. Hann varð kennari í Austurbæjarskólanum í Reykjavík frá 1931. Hann var í stjórn ungmennafélaga 1913-1929, sambandsstjóri U.M.F.Í. 1930-38, varaformaður Sambands íslenskra barnakennara frá 1937, í millipinganefnd í íþróttamálum 1938. Brautryðjandi var Aðalsteinn um notkun vinnubóka í skólum og hélt námsskeið fyrir kennara í því efni, m.a. í Færejum 1938. Aðalsteinn var höfundur að Skátabókinni 1930, Leiðbeiningum um vinnubókargerð 1936, Lýsingu Íslands o.fl. Hann var einnig þýðandi. Hann var ritstjóri Sunnu með Gunnari M. Magnúss 1932-1933.

Aðalsteinn var ókvæntur og barnlaus.

Skjölín voru afhent Borgarskjalasafni af Elínu Þórðardóttur í apríl 2001.
Viðbótarskjöl voru afhent Borgarskjalasafni af Elínu Þórðardóttur í nóvember 2012 og Elínu Kristbjörgu Guðbrandsdóttur 2014.

Afhending skjalasafns: Elín Þórðardóttir og Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Innihald: Æviágrip, þýðingar, fréttabréf skólabarna, bréf o.fl.

Tímabil: 1932-1943

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Aðalsteinn Sigmundsson: Borgarbörn. Reykjavík, 1939. Sérprent úr Tímanum.

Aðalsteinn Sigmundsson: Á að fræða börn og unglinga um kynferðisleg efni?

Fyrirlestur með teikningum úr vinnubók skóladrengs. Reykjavík, 1934.

Til Færeyja. Ferðasaga íslenskra skóladrengja vorið 1933. Eftir drengina sjálfa frá 1934, en Aðalsteinn Sigmundsson er einn höfunda.

Skráð RB

Örk 2

Í minningu Aðalsteins, kvæði eftir Ríkarð Jónasson flutt við kveðjuathöfn í Barnaskóla Austurbæjar í Reykjavík 1943, æviágrip Aðalsteins í Skinfaxa o.fl.
Bréf sent Aðalsteini Sigmundssyni árið 1941, ásamt afriti af bréfi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Þýðingar

Feðgar á ferð. Aðalsteinn Sigmundsson þýddi 1941.
Höfðingjar hittast, sjónleikur í þremur þáttum. Aðalsteinn Sigmundson þýddi 1938.

Skólablöð

Árvakur. Bekkjarblað 8. A í Austurbæjarskóla 1932.
Sunna. Tímarit fyrir skólabörn 1932-1933.
Freyja. Skólablað 13. ára bekkjar B í Austurbæjarskóla 1935, 1937 og 1938.
Bekkurinn. Foreldrablað 7. bekkjar B í Austurbæjarskóla 1934 og 1935.
Jólastjarnan. Bekkjarblað 7. bekkjar D í Austurbæjarskóla. Án árs.
Stjarna. Skólablað 8. bekkjar í Bolungarvík 1932-1933.
Sæblik. Skólabörn í Gullbringusýslu sunnan Hafnarfjarðar 1939.

Prentað mál

Tréskurðaruppdættir 1934, notaðir til kennslu í 7. bekk B Austurbæjarskóla. Teikningar unnar af nemendum.
Gömul stafróf, gerð eftir fyrirmyndum í Þjóðminjasafninu.
Litla skrifbókin eftir Steingrím Arason 1923.
Fáeinar ritreglur. Árni Þórðarson tók saman 1943.
Sálin hans Jóns míns. Kvæði eftir Davíð Stefánsson og myndum eftir Ragnhildi Ólafsdóttur.
Uppeldi vandræðabarna í Sviss. 1940.
Lög fyrir Samband íslenskra barnakennara 1937.
Bókaskrá, án árs.

Ljósmyndir

Filmur.
Mynd í ramma af sýningu í Austurbæjarskóla 1935.
Myndaalbúm, án árs.
Myndir 8 stk. án árs.

Skráð í apríl 2013 og október 2014,
Jakobína Sveinsdóttir